

## **Fundur svæðisráðs fimmtudaginn 22. desember 2016 kl. 09.00, haldinn í síma**

*Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Erla Ívarsdóttir og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð.*

Samkvæmt fundarboði var aðeins eitt mál á dagskrá fundarins.

### **Ráðning þjóðgarðsvarðar**

Framhald umræðu frá síðasta fundi svæðisráðs. Umsagnir meðmælenda þeirra þriggja einstaklinga sem flest stig fengu að mati Capacent ræddar. Svæðisráð vestursvæðis mælir einróma með því við stjórn þjóðgarðsins að sá umsækjandi sem flest stig fékk að mati Capacent verði ráðinn í starf þjóðgarðsvarðar. Leggur svæðisráðið til að umsækjandinn verði ráðinn til eins árs með möguleikum á framhaldi ráðningar. Framkvæmdastjóra sent erindi þess efnis og verður ráðningin tekin til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar sem ráðgerður er á milli jóla- og nýárs.

Ásta Berghildur telur brýnt að starfsfólk þjóðgarðsins á vestursvæði eigi þess kost að búa annarsstaðar en á skilgreindri meginstarfsstöð hvers rekstrarsvæðis t.a.m. innan einhverra þeirra fjögurra sveitarfélaga sem vestursvæðið spannar (Ásahreppur, Rangarárþing ytra, Skaftárhreppur og Þingeyjarsveit). Ólafía telur nauðsynlegt að á meðan fastar stöður eru ekki fleiri en tvær sé mikilvægt að þeir einstaklingar deili vinnuáðstöðu á skilgreindri meginstarfsstöð svæðisins.

**Fundi slitið kl. 09.40.**